



## Hreppsnefnd 18.03.10

Hreppsnefnd 18.03.10

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 18. mars 2010 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 4. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 4. mars sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. Mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. mars sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 15. mars sl..

Fram kom fyrirspurn varðandi 6. tölulið fundargerðarinnar „Innsiglingarljós“ og var henni svarað.

Lögð fram til kynningar

3. Mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 15. mars sl.

Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 15. mars sl.

Sveitarstjóri tók til máls undir 2. tl. fundargerðarinnar Byggðakvóti 2009/2010. Gerði hann grein fyrir tillögu atvinnumálanefndar varðandi byggðakvóta.

Eftir nokkrar umræður var tillaga atvinnumálanefndar samþykkt samhljóða.

Þá kom fram fyrirspurn varðandi 3. tl. fundargerðarinnar „Matargatið“ varðandi fyrirhugaða starfsemi félagsins og var henni svarað.

4. Mál. SSA; aukaaðalfundur SSA 19. apríl n. k.

Lagt fram erindi SSA varðandi aukaaðalfund sem haldinn verður 19. apríl nk.. Tilnefna þarf fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á fundinn 3 aðalmenn og 3 til vara

Fram kom svofelld tillaga um aðal- og varamenn:

„Aðalmenn: Aðalbjörn Björnsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Anna Pála Víglundsdóttir. Varamenn: Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson og Halldóra S. Árnadóttir.“ Samhljóða samþykkt.

5. Mál. Hópur áhugamanna um framkvæmd bæjarhátíðar.

Lagt fram bréf áhugamanna um bæjarhátíð á Vopnafirði í sumar, dags. 17. mars. sl.

Oddviti gerði grein fyrir málinu og las erindi áhugahópsins. Í framhaldi urðu nokkrar umræður um málið.

Bókun: „Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og fagnar áhuga þessa fólks við að undirbúa slíka hátíð. Samþykkt að kalla eftir nánari dagskrá slíkrar hátíðar ásamt fjárhagsáætlun sem síðan verði kynnt sveitarstjórn“.

Þessi málsmeðferð var samþykkt samhljóða.

6. Mál. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 26. mars n. k.; umboð.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, varðandi aðalfund sjóðsins sem haldinn verður í Reykjavík 26. mars n. k.

Samþykkt að fela sveitarstjóra, Þorsteini Steinssyni, að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

7. Mál. ASK arkitektar, f. h. HB Granda, óska eftir breytingu á skipulagi á hafnarsvæði til samræmis við meðfylgjandi uppdrátt. Samþykkt að vísa erindinu til skipulags- og byggingarnefndar.

8. Mál. Kolbeinstangi ehf., kaup og fyrirhugaður hluthafafundur. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og greindi frá því að halda þyrfti hluthafafund í félaginu, þar sem kosin yrði ný stjórn. Fram kom tillaga um að í félaginu yrði þriggja manna stjórn og einn til vara. Tillaga kom fram um það að í stjórn félagsins sem aðalmenn yrðu Ólafur Ármannsson, Aðalbjörn Björnsson og Björn Halldórsson og til vara yrði Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

Hluthafafundur verður haldinn við fyrstu hentugleika.

Tillagan síðan samþykkt samhljóða.

9. Mál Menningarmiðstöð handverks- og bókmennta. Flutningur til Vopnafjarðar

Gerð var grein fyrir erindi Vopnafjarðarhrepps varðandi flutning menningarmiðstöðvar handverks- og bókmennta frá Hornafirði til Vopnafjarðar.

Í erindinu er kallað eftir formlegum viðræðum við Menningarráð Austurlands um yfirfærslu þessa. Fór fram nokkur umræða þar sem fram mikilvægi þess að vel verði að verki staðið fari svo að miðstöðin komi til Vopnafjarðar. Almennt eru nefndarmenn jákvæðir til verkefnisins.

10. Mál Alexanderssjóður. Kosning í stjórn, tveir menn.

Oddviti gerði grein fyrir málinu og kynnti arfleiðsluskrá sjóðsins. Í henni kemur fram að í stjórn sjóðsins skal vera sóknarprestur Vopnafirðinga og tveir valinkunnir menn til viðbótar.

Tillaga verð gerð um að til viðbótar sóknarprestinum verði í stjórninni Þórunn Egilsdóttir og Ellert Árnason.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

11. Mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Orkusjóður; staðfesting á styrk vegna skýrslugerðar um orkumál.

Hreppsnefnd lýsir ánægju með að þessi styrkur geti nýst til þessa verkefnis.

b) Fundargerð skólaskrifstofu frá 11. mars sl.

Lögð fram til kynningar

c) Bréf Dóms- og mannréttindaráðuneytisins frá 12. mars. sl.

vegna þjóðaratkvæðagreiðslu.  
Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:45